

Mál 27a/2017

Ár 2018, fimmtudaginn 15. mars, var haldinn fundur í siðanefnd HRFÍ að Síðumúla 15, Reykjavík.

Fyrir var tekið mál nr.27/2017

X

gegn

Y

og kveðinn upp svohljóðandi úrskurður.

#### I. Málsmeðferð siðanefndar.

Í erindi kæranda Hundaræktarfélags Íslands sem barst siðanefnd 4. september 2017 er farið fram á úrskurð siðanefndar vegna þess að kærða Y hafi gerst brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ en við skráningu á hvolpum fæddum þann 28. apríl 2017 kom í ljós að rakkinn A, hafði ekki undirgengist DNA próf gagnvart PRA. Kæran var send kærðu til umsagnar með bréfi dagsettu 14. desember 2017 og henni gefinn andmælafrestur til 11. janúar 2018. Svar ódags. barst frá kærðu. Afrit þess var sent kæranda til umsagnar sem svaraði ekki efnislega en bað um að haldið yrði áfram með málið. Þar eð siðanefnd taldi að öll gögn er máli skiptu væru fram komin þá ákvað nefndin að taka málið til úrskurðar.

#### II. Helstu málsatvik og ágreiningsefni.

Samkvæmt innsendu pörunarvottorði dagsettu 3. júlí 2017 kom í ljós að rakkinn A, hafði ekki undirgengist DNA próf gagnvart PRA. Hundarnir eru af tegundinni Labrador Retriever og er rakkinn í eigu kærðu. Kærandi telur að með pöruninni hafi kærða brotið gegn grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ

#### III. Forsendur.

Samkvæmt grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn HRFÍ skulu félagsmenn er nota hunda sína til ræktunar vera trúir ræktunarstefnu HRFÍ og vera vel að sér um það ræktunarmarkmið sem gildir fyrir viðkomandi hundakyn og vera með gild vottorð um heilsufarsskoðun fyrir pörun. Í reglugerð um skráningu í ættbók HRFÍ, reglur sérdeilda segir um hundakynið Retriever:

„Eftirtaldar tegundir: Labrador retriever, Chesapeake Bay retriever, Nova Scotia Duck Tolling retriever (gildir frá 01.01.2007) og Golden retriever (gildir frá 01.06.2008) verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fáist skráðir í ættbók HRFÍ.“

Óumdeilt er samkvæmt gögnum málsins að rakkinn hafi ekki haft vottorð um DNA próf gagnvart PRA við pörun. En slíkt vottorð eitt þeirra gagna sem áskilin eru um heilsufarsskoðun hundakynsins

og mikilvægt að það liggi fyrir við þörun til þess að tryggt sé að hundurinn beri ekki með sér erfðagalla eða sjúkdóm. Það breytir ekki brotinu að rakkinn hafi staðist skoðun eftirá, það var ekki fyrir séð og telst kærða því vera brotleg við grundvallarreglur fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Þar eð kærða hefur ekki áður svo vitað sé gerst brotleg við reglur félagsins þá þykir hæfileg refsing vera áminning.

#### IV. Niðurstaða

Kærða A telst hafa gerst brotleg við grein 2.6 í grundvallarreglum fyrir félagsmenn í HRFÍ.

Kærða er áminnt.

F.h. siðanefndar

---

Guðríður Valgeirsdóttir

---

Guðrún Margrét Baldursdóttir

---

Kristín Sveinbjarnardóttir